



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2024

ENSK2HC05 Hagnýt enska

Kennarar:	Guðfinna Gunnarsdóttir, Karl Sigtryggsson	Sk.st.	GG, KS
------------------	--	---------------	---------------

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verða unnin fjölbreytt verkefni þar sem áhersla er lögð á alla færniþætti tungumálanáms þ.e. lestur, ritun, hlustun og tjáningu. Mest áhersla er lögð á orðaforða og ritun. Nemendur eru þjálfðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði uppbyggingu og orðaforða.

Undanfari: ENSK2HB05

Þekkingarviðmið: (í lok annars þreps) Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þjóðfélögum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál,
- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna þar sem tungumálið er notað og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu,
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða,
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega,
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu.

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður,
- lestri margs konar gerða af textum og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hvernar gerðar textinn er,
- að taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málvari við hæfi,
- að tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið,
- að skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra,
- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- Skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig

Námsefni:

- ✓ Headway Academic Skills level 3; Reading, Writing and Study Skills. Student's Book.
- ✓ Looking For Alaska e. John Green.
- ✓ Efni frá kennara og á neti.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil verður birt í INNU.

Sérreglur áfangans:

- ✓ Ætlast er til að nemendur fylgist stöðugt með upplýsingum í kennsluumhverfinu, sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og beri ábyrgð á eigin námi.
- ✓ Notkun snjallsíma, spjaldtölva eða annarra tækja í kennslustundum er óheimil nema í tengslum við úrvinnslu verkefna í samráði við kennara.
- ✓ Nemendur skulu mæta stundvíslega í alla tíma, minna kennara á viðveruskráningu í lok tíma komi þeir of seint og fylgjast með í Innu.
- ✓ Skilaskylda er á öllum verkefnum. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf eða verkefni sem ekki er tekið eða skilað nema skráð viðurkennd forföll komi til (L, V eða W í Innu) og þreyta nemendur þá próf í lok annar. Athugið að þessar reglur gilda einnig um nemendur sem hafa rýmri mætingarreglur og verða þeir að mæta í próf/tímaverkefni. Nemendur sem eru fæddir 2005 eða fyrr ganga frá samningi um mætingar og verkefnaskil í upphafi annar.
- ✓ Samkvæmt stefnu deildarinnar, er ritstuldur (plagiarism) óásættanlegur. Gefið er 0 fyrir verkefni sem nemendur skila sem ekki er þeirra (copy-paste, unnið með AI eða fengið að láni frá öðrum). Þetta gildir líka um þá sem lána öðrum verkefni sín.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Looking For Alaska – skáldsaga	Skrifleg verkefni og próf	20%
Headway Academic Skills – 5 kaflar	Verkefni úr öllum köflum	20%
Kvikmyndaverkefni	Munnlegt próf og verkefni	10%
Short Docs verkefni	Munnleg kynning og verkefni	10%
Short stories	Skrifleg verkefni og próf	15%
Group assignment (LF)	Margþætt verkefni	20%
Verkefnasafn: Safn sérvaldra verkefna frá önninni: td. orða- listar og verkefnablöð í Headway, smásöguverkefni, short docs ritun og fleira	Safneinkunn fyrir skil á ýmsum smáverkefnum. Vinna annar.	5%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss, 15. ágúst 2024

Kennarar: Guðfinna Gunnarsdóttir og Karl Sigtryggson.